

## REGLUGERÐ

### um skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna.

#### 1. gr.

Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna er sérstök ríkisstofnun, sem heyrir undir atvinnumálaráðuneytið. Verkefni skrifstofunnar er að annast bók-hald og fjárvörzlu fyrir eftirtaldar stofnanir:

Hafrannsóknastofnun,  
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins,  
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins,  
Rannsóknastofnun iðnaðarins,  
Rannsóknastofnun landbúnaðarins og  
Rannsóknaráð ríkisins.

Skrifstofunni ber einnig að annast skýrslugerðir og veita aðstoð við undir-búning fjárlagaáætlana eftir því, sem forstjórar framangreindra stofnana óska.

Öðrum verkefnum sinnir skrifstofan eftir ákvörðun atvinnumálaráðuneytisins.

#### 2. gr.

Ráðherra skipar skrifstofustjóra fyrir Skrifstofu rannsóknastofnana atvinnu-veganna að fengnum tillögum forstjóra stofnana þeirra, sem getur í 1. gr. Annað starfsfólk skipar ráðherra að fengnum tillögum skrifstofustjóra.

#### 3. gr.

Skrifstofan hefur sjálfstæðan fjárhag og hefur sem starfsfé það, sem Alþingi ætlar henni hverju sinni í fjárlögum.

#### 4. gr.

Fé því, sem rannsóknastofnunum atvinnuveganna og Rannsóknaráði ríkisins er veitt í fjárlögum skal ávísað um hendur skrifstofunnar. Hún annast innheimtu á þeim kröfum, sem skapast vegna starfsemi hinna einstöku stofnana, allt í samráði við hlutaðeigandi forstjóra.

#### 5. gr.

Skrifstofan heldur spjaldskrá yfir allt starfsfólk hinna ýmsu stofnana og ber að tilkynna henni um leið og ráðning starfsmanns hefur verið ákveðin, hvort heldur er fastráðið eða lausráðið starfsfólk.

#### 6. gr.

Forstjóri stofnunar eða Innkaupastofnunar ríkisins í hans umboði annast á sína ábyrgð innkaup stofnunarinnar. Forstjóri getur veitt skrifstofu rannsóknastofn-anna umboð til að annast slík kaup, ef hentara þykir. Annist skrifstofan ekki slík kaup, ber að gera henni aðvart, þegar stofnað er til skuldbindingar af þessu tagi.

#### 7. gr.

Forstjóri stofnunar ber alla ábyrgð á fjárreiðum stofnunarinnar öðrum en sjóð-vörzlu, og ber skrifstofunni því aðeins að greiða reikninga, að þeir séu áritaðir af forstjóra stofnunarinnar eða öðrum þeim, sem hann hefur gefið til þess umboð.

## 8. gr.

Skrifstofan skal halda sérstakan sjóðreikning fyrir hverja rannsóknastofnun og einn að auki fyrir sinn eigin rekstur. Verði skrifstofunni falin önnur verkefni, skal halda sérstakan sjóðreikning fyrir þau.

Forstjórar stofnanna skulu fá mánaðarlega reikningsyfirlit, hver yfir stöðu sinnar stofnunar, í því formi, sem þeir ákveða sameiginlega. Upplýsingar um stöðu á sjóðsyfirliti eða aðrar upplýsingar úr bókhaldinu skulu þeir fá eftir því, sem þeir óska hverju sinni.

## 9. gr.

Starfsfólki Skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna er skylt að gæta þagmælsku um atriði, er það fær vitneskju um í starfi sínu, og ber í því tilliti að skoða hverja stofnun sem sjálfstæðan aðila. Upplýsingar úr bókhaldinu skulu einungis gefnar samkvæmt heimild hlutaðeigandi forstjóra.

## 10. gr.

Skrifstofunni er heimilt að taka að sér þjónustu við rannsóknastofnanir, þótt hún ekki verið talin sameiginleg þeim öllum, enda séu allir forstjórar stofnananna, sem í hlut eiga, því samþykkir og hæfileg greiðsla fyrir þá þjónustu komi til af fjárveitingu hlutaðeigandi stofnunar.

## 11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 63. gr., sbr. 59. gr. laga nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 22. apríl 1966.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Gunnlaugur E. Briem.*

**REGLUGERÐ****um fasteignaskatt í Stykkishólmi.**

Fasteignaskatt í Stykkishólmi skal innheimta með 100% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr. sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 22. apríl 1966.*

**Magnús Jónsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*